



1. útgáfa.13.05.2016

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Vitablend 14		
Vörunúmer:	-		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Andoxunarefni í fóður. Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.		
1.3 Söluaðili:	N1 Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 440 1000 Sími: 440 1000 Netfang: n1@n1.is Veffang: www.n1.is	Framleiðandi:	Vitablend Frisaxstraat 1 Wolvega, 8471 ZW, Holland 00-31-561691888 info@vitablend.nl www.vitablend.nl
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:	Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
	H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.	Langv.eit.á vatn 2
2.2 Merkingaratriði:	Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):		
Hættumerki			
Viðvörðunarorð	VARÚÐ		
Hættusetningar	H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.	
Varnaðarsetningar	P102 P273 P391 P501	Geymist þar sem börn ná ekki til. Forðist losun út í umhverfið. Safnið saman því sem hellist niður. Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.	
2.3 Aðrar hættur:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB. <i>Sjá einnig 11. og 15. lið.</i> (PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).		

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:	Á ekki við
-----------	------------

3.2 Blöndur:

2,6-dí-tert-bútýl-p-kresól			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	< 25
Raðnúmer	01-2111955270-46	Varnaðarmerki:	N
EINECS, ELINECS	204-881-4	H-setningar	H50/53
CAS	128-37-0	Flokkun, hættumerking	Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar	-		
Bráð eit.á vatn 1 - H400, Langv.eit.á vatn 1 - H410			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfærubreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almenn viðbrögð:	Við slys: Hafið samband við lækni eða bráðamóttöku, sýnið umbúðir eða þetta öryggisblað. Leitið lækni, hverfi einkenni ekki fljótlega, eða sé óvissa um ástand hins slasaða. Beitið ekki blástursaðferð við endurlífgun. Notið viðeigandi búnað (þjálfað starfslið). Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. Auðveldið öndun eins og unnt er. Við öndunarstopp skal beita viðeigandi búnaði.
Snerting við húð	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni í amk 10 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni við ertingu.
Inntaka	Skolið munn og gefið smávegis vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst nema að læknisráði. Haldið höfði lágt við uppköst þannig að efnið berist ekki í lungu. Leitið lækni séu einkenni viðvarandi.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lið 11.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, froða, vatnsúði, slökkviduft. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Varan er ekki sérlega eldfim en myndar eittraðar gufur við bruna.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið. Varan er eitruð lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði, notið persónuhlífar. Snúið íláti þannig að lekastaður vísi upp. Gangið ekki í losuðu efni.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu með byggingu varnargarða, sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið handverkfæri eða ísogsefni, t.d. sand, jarðveg eða kísilgúr. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu og fatnað.. Lokið umbúðum vandlega eftir notkun. Tómar umbúðir geta innihaldið hættulegar efnaleifar. Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskiyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum (<50°C), þurrum, vel loftræstum stað. Æskilegt geymsluhitastig:15-25°C. Opnaðar umbúðir skulu vandlega luktar og standa uppréttar til að forðast leka.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysi. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hlífðarvörn (EN 166) sé þess talin þörf. Notið efnapolna hlífðarhanska t.d. úr PVC eða náttúrugúmmíi (EN374). Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Öndunarfæri

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar. Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með viðeigandi síu. Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138). Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi seigfljótandi
Lykt:	Mjög væg fenóllykt
Litur:	Gulbrúnn
Eðlismassi við 20°C:	0,92-0,94 g/cm ³

9.2 Annað

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulega notkun og meðferð.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin við venjulega notkun og meðferð.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, beint sólarljós, raki. Forðist losun út í umhverfið.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar, sterkar sýrur og basar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Varan myndar eittraðar gufur við bruna.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Varan hefur ekki verið prófuð. Upplýsingar að neðan gilda fyrir flokkað innihaldsefni.

2,6-dí-tert-bútýl-p-kresól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD ₅₀	>5000	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturhrif, innöndun	LC ₅₀	>5	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Væg erting			
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			
Langvinn eiturhrif	NOAEL	25	mg/kg	rotta 28d	
Einkenni				Ertning í slímhúðum.	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Varan hefur ekki verið prófuð. Upplýsingar að neðan gilda fyrir flokkað innihaldsefni.

2,6-dí-tert-bútýl-p-kresól					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	>=0,57 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	0,61 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	IC ₅₀	>0,4 mg/l	72 klst	Þörungar	84/449/EEC C.3
Þrávirgni og niðurbrot		4,5%	28 d		OECD 301 C
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	5,1			
PBT/vPvB				Neikvætt	
Eiturhrif á gerla	EC ₅₀	>10000 mg/l	3 klst	seyra	
Annað				Leysanleiki í vatni: 0,00076 g/l	

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:
UN Númer 3082
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID,
N.O.S. (3,5-di-tert-butyl-4-hydroxytoluene)
Hættuflokkur: 9
Pökkunarflokkur: III
Jarðgangnaflokkun: E
Mengunarhætta: Já

Varúðarmerking



IMDG:
UN Númer 3082
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID,
N.O.S. (3,5-di-tert-butyl-4-hydroxytoluene)
Hættuflokkur: 9
EmS: -
Pökkunarflokkur: III
Mengunarhætta: Já



IATA:
UN Númer 3082
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, LIQUID,
N.O.S. (3,5-di-tert-butyl-4-hydroxytoluene)
Hættuflokkur: 9
Pökkunarflokkur: III



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H400 Mjög eitrað lífi í vatni.
H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Útgáfa/Dags: 1/13.05.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **VITABLEND BV**
Safety data sheet
VITABLEND 14

Útgáfa: 08.05.2013 Útgáfa 01